

## Fjölmenur fundur á Selfossi



Þorgerður Katrín og Órlygur Karlsson, skólameistari Fjölbautaskóla Suðurlands

Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, nýja menntastefnu og Arnór Guðmundsson, skrifstofustjóri í menntamálaráðuneyti, fór nánar yfir nýja menntalöggjöf. Fundarstjóri var Ragnheiður Hergeirsdóttir, bæjarstjóri í Árborg.

Opinn fundur um [nýja menntastefnu](#) var haldinn í Fjölbautaskólanum á Selfossi þann 13. október síðastliðinn. Fundurinn er annar í röðinni í fundarrið sem haldin verður um land allt í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla. Á fundinum kynnti Þorgerður Katrín

í kjölfar erinda var boðið upp á umræður og í pallborði sátu, auk ræðumanna, þeir Sólvi Sveinsson og Guðni Ólgeirsson frá menntamálaráðuneyti. Yfir 80 manns sóttu fundinn, skólastjórnendur, kennarar og foreldrar sem augljóslega höfðu mikinn áhuga á að ræða nýja menntalöggjöf. Meðal annars var spurt um samþættingu skóla-, íþrótt- og tómstundastarfs, verknámskennslu, tilraunaverkefni vegna sveigjanleika milli skólastiga, nýtt framhaldsskólapróf og um samræmd könnunarpróf í 10. bekk.

Kynningarfundirnir eru mikilvægur liður í innleiðingu nýrrar menntalöggjafar og lagði menntamálaráðherra áherslu á að umræðurnar sem þar sköpuðust væru gott veganesti fyrir þá vinnu. Næsti fundur með menntamálaráðherra verður haldinn í Menntaskóla Borgarfjarðar þann 16. október næstkomandi kl. 20.

## Listin að læra - Málþing Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

[Málþing Menntavísindasviðs Háskóla Íslands](#) um rannsóknir, nýbreytni og þróun í skólastarfi verður haldið dagana 23. – 24. október næstkomandi.

Að þessu sinni er hvers kyns sköpun, í bæði námi og kennslu, gert hátt undir höfði og að vanda verður boðið upp á fjöldann allan af áhugaverðum fyrirlestrum er tengjast rannsóknum, nýbreytni og þróun á sviði uppeðis, menntunar og þjálfunar. Málþingið er haldið í samráði og samvinnu við menntamálaráðuneyti, Heimili og skóla, Þroskaþjálfafélag Íslands, Mennta- og leikskólasvið Reykjavíkurborgar, Kennarasamband Íslands, Grunn – samtök forstöðumanna skólaskrifstofa og Félag framhaldsskóla. Nánari upplýsingar má nálgast á vef Háskóla Íslands.

### NÝ MENNTASTEFNA opinn fundur

Næsti fundur verður haldinn  
í Menntaskóla Borgarfjarðar  
þann 16. október kl. 20:00

## Ný skýrsla um ytra mat háskóla á Norðurlöndum

Samstarfsvettvangur Norðurlandanna á sviði gæðaeftirlits með háskólum, NOQA hefur sent frá sér skýrsluna [Learning outcomes: Common framework - different approaches to evaluating learning outcomes in the Nordic countries](#).

Í skýrslunni, sem unnin var síðastliðinn vetur er gert stöðumat á innleiðingu viðmiða um lærdóm (Learning outcomes), Viðmiða um æðri menntun og prófgráður (National Qualification Framework) á Norðurlöndum og hvernig þessi atriði séu nýtt í gæðatryggingu og gæðastarfi innan og utan háskólastofnana. Fjallar skýrslan um hvernig opinberar stofnanir sem annast ytra mat með háskólum hafa hingað til nýtt sér viðmið um hæfni við gæðaeftirlit og hvert þær stefni í framtíðinni. Þrátt fyrir að Ísland og Danmörk séu enn einu Norðurlöndin sem gefið hafa út opinber viðmið um æðri menntun og prófgráður stefnir í að innan árs fylgi hin Norðurlöndin í kjölfarið og er fyrirsjáanlegt að viðmiðin komi til með að gegna lykilhlutverki í gæðatryggingu háskólamenntunar á næstu árum.

Við gerð skýrslunnar var sendur spurningalisti til valinna háskóla í hverju landi og þeir beðnir að gera grein fyrir

því hvernig viðmið um lærdóm eru nýtt í innra gæðastarfi háskólanna. Skýrslan mun á næstu dögum verða gerða opinber á heimasíðu [NOQA](#).

NOQA (Nordic Quality Assurance Network in Higher Education) er samstarfsvettvangur Norðurlandanna á sviði gæðaeftirlits með háskólum. Að samstarfsvettvanginum standa Höskolaverket í Svíþjóð, [NOKUT](#) í Noregi, [FINHEEC](#) í Finnlandi, dönsku stofnanirnar [EVA](#) og [ACE](#) og mats- og greiningarsvið menntamálaráðuneytis fyrir Íslands hönd. Samstarfsvettvangurinn hefur verið til staðar í um áratug og á hverju ári er efnt til samstarfsverkefnis þar sem fulltrúar Norðurlandanna vinna saman skýrslu um valin svið gæðaeftirlits með háskólum. Nýjasta samstarfsverkefni NOQA, Joint Nordic Masters Programmes – Quality assurance nýtur styrks Norrænu ráðherranefndarinnar til að gera ytra mat á sex samnorrænum meistaráráðum sem njóta styrkja ráðherranefndarinnar. Er þessu nýja verkefni NOQA ætlað að vera stefnumótandi fyrir styrkveitingar af þessum toga í framtíðinni.

## Samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk í grunnskólum

Dagana 16. og 17. október 2008 verða haldin samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk grunnskóla. Rúmlega 4000 nemendur í hvorum árgangi þreyta prófin sem haldin hafa verið síðan 1996.

Í júní 2008 samþykkti Alþingi [ný lög um grunnskóla](#). Þau nýmæli eru m.a. í lögnum að frá og með haustinu 2008 geta skólastjórar nú veitt nemendum undanþágu frá því að þreyta samræmd könnunarpróf ef gildar ástæður mæla með því og samþykki foreldra liggur fyrir.

Árið 2007 ákvað ráðuneytið í samráði við [Námsmatsstofnun](#) að samræmt próf í íslensku fyrir 4. bekk yrði endurskoðað þannig að sérstök áhersla yrði lögð á meta lestrarfærni nemenda. Er þetta gert til að koma til móts með nemendur sem glíma við lestrarerfiðleika. Þegar niðurstöður prófanna verða senda skólum mun þeim fylgja handbók með leiðbeiningum fyrir kennara þannig að nýta megi niðurstöður lesskímunarhluta prófsins með markvissum hætti.

